

AUGLÝSING

um staðfestingu handhafa valds forseta Íslands á breytingu á reglugerð
nr. 76/1958 fyrir Háskóla Íslands.

Handhafar valds forseta Íslands féllust hinn 31. ágúst s. l. á tillögu mennta-
málaráðherra um eftirfarandi breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 76 frá
17. júní 1958 og síðari breytingum á henni:

1. gr.

D.-liður V. kafla orðist svo:

D. Heimspekideild.

51. gr.

Kennsla í heimspekideild.

Í heimspekideild skal kennt:

1. Heimspekileg forspjallsvísindi. Í forspjallsvísindum skal kenna almenna sálar-
fræði, rökfræði og annaðhvort undirstöðuatríði síðfræði eða valda kafla úr
heimspekisögu.
2. Almenn málvísindi og hljóðfræði til forprófs.
3. Latína til forprófs.
4. Íslenzka, danska, norska, sænska, finnska, enska, þýzka, franska, spænska,
latína, gríska, sagnfræði, landafræði, almenn bókmenntasaga, almenn málvís-
indi, heimspeki, bókasafnsfræði. Kennslan skal einkum stefna að því að undir-
búa nemendur undir próf samkv. 53. og 54. gr. Kennslu til B.A.-prófs skal hagað
þannig, að farið sé yfir námsefni hvers stigs á tveimur kennslumisserum.
Nú er ekki kostur hæfra kennara í grein, að mati deildarinnar, og er þá
heimilt að fella niður kennslu og próf í greininni. Heimilt er og að fella niður
kennslu í grein, sem ekki er fastráðinn kennari í við deildina, ef þátttaka
stúdenta fer niður fyrir visst lágmark, er háskólinn og ráðuneytið ákveða. Þó
skal af þessari ástæðu ekki fella niður kennslu á 2. og 3. stigi í grein, sem kennd
hefur verið á 1. stigi, fyrr en stúdentum, er lokið hafa 1. stigs prófi, hefur
gefizt kostur á að ljúka, innan hæfilegra tímamarka, þremur prófstigum í
greininni. Kveða má nánara á um þessi efni með samþykkt, er háskólaráð gerir,
að fenginni tillögu deildarinnar, og ráðuneytið staðfestir.
5. Miðaldalatína til cand. mag.- og mag. art.-prófa, samkv. reglum, er deildin setur.
6. Uppeldis- og kennslufræði. Kennslan miðar að prófi samkv. 55. gr. a, og skal
henni hagað þannig, að farið sé yfir námsefni á tveimur kennslumisserum.

52. gr.

Forpróf.

I. *Próf í heimspekilegum forspjallsvísindum.* Stúdentum er heimilt að ganga
undir próf þetta eftir tveggja missera nám við háskólann, en skylt að hafa lokið
því að minnsta kosti tveimur misserum áður en þeir ganga undir fullnaðarpróf.
Undanþegnir eru þó prófi þessu stúdentar í verkfræði.

Prófið er aðeins skriflegt, og dæmir kennarinn einn um úrlausnina. Endurtaka má prófið á misseris fresti. Háskólinn lætur endurgjaldslaust af hendi prófvottorð, undirritað af prófessornum í forspjallsvisindum.

II. *Próf í almennum málvisindum og hljóðfræði*. Skyldir að taka próf þetta eru allir þeir stúdentar í heimspekideild, er undir próf ganga í tungumálum, einu eða fleirum. Stúdent er skylt að hafa lokið prófinu, áður en hann lýkur 1. stigs prófi í tungumáli, samkv. 53. gr. I.

Prófið, sem er aðeins skriflegt, fer fram í lok marzmánaðar ár hvert. Nú hefur stúdent sagt sig til prófs, en stengt ekki prófið eða kemur ekki til prófs og hefur lögmæt forföll, og er þá skylt að halda endurpróf í lok vormisseris.

III. *Próf í latínu*. Skyldir að taka próf þetta eru allir þeir stúdentar í heimspekideild, er ekki hafa stúdentspróf úr máladeild menntaskólanna eða hliðstætt próf í latínu. Stúdent er skylt að hafa lokið þessu prófi, áður en hann lýkur 2. stigs prófi í grein, samkv. 53. gr. I. Prófið er aðeins skriflegt.

Erlendir stúdentar, er ganga undir próf *baccalaureorum philologiae Islandicae*, eru undanþegnir öllum forprófum.

Ákvæði 61. gr. 1. mgr. um takmörkun á heimild til að endurtaka próf gilda ekki um þessi forpróf.

53. gr.

I. B.A.-próf.

Prófgreinir eru námsgreinir þær, sem taldar eru upp í 51. gr. 4. lið. Stúdent hlýtur B.A.-próf fyrir 6 prófstig, annaðhvort í tveimur prófgreinum (3 + 3 stig) eða þremur (3 + 2 + 1 stig). Hvert stig er miðað við ákveðnar þekkingarkröfur: 1. stig táknar minnstar kröfur, 2. stig meiri kröfur, 3. stig mestar kröfur.

Heimspekideild setur reglur um námsefni, að fengnum tillögum kennara í hverri grein. Náms efni skal miða við, að hvert prófstig krefjist eins misseris náms (þ. e. að unnt sé að ljúka prófstigi í tveimur greinum á einu ári, sbr. 51. gr. 4. lið). Heimilt er að áskilja nokkra þekkingu í nauðsynlegum hjálpargreinum. Heimilt er og að áskilja, að hluti námsefnis skuli vera samning heimaritgerðar á 3. stigi. Heimaritgerðum skal skila eigi síðar en hálfum mánuði áður en skrifleg próf í háskólanum hefjast.

Stúdent, sem velur þrjár greinir til prófs, er heimilt að hafa eitt eða tvö stig í raungrein.

Prófin eru bæði skrifleg og munnleg, en þó getur deildin ákveðið, að aðeins skuli prófa munnlega í grein eða einungis skriflega. Einkunnir eru samtals 6, ein einkunn á hverju stigi.

Eigi má líða lengri tími en 9 kennslumisseri frá skrásetningu í heimspeki-deild, þar til stúdent hefur lokið 6 prófstigum. Ef út af bregður, skal má nafn hans af stúdentatali. Nú endurinnritast hann, og er gildi fyrri prófa þá úti. Forpróf halda þó gildi sínu enn í 4 misseri. Heimspekideild getur með fundarsamþykkt veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar um tímatak mörk.

II. Próf í íslenzku fyrir erlenda stúdenta.

Baccalaureatus philologiae Islandicae (bacc. phil. Isl.).

Prófgreinir eru fjórar:

1. Málfræði.
2. Þýðingar.
3. Bókmenntasaga.
4. Textaskýringar.

Prófin skulu vera sex, þrjú skrifleg og þrjú munnleg.

Skrifleg próf: 1. málfræði, 2. þýðing úr íslenzku á móðurmál stúdents eða eitthvert heimsmál og úr því á íslenzku, 3. bókmenntasaga.

Munnleg próf: 1. málfræði, 2. bókmenntasaga, 3. textaskýringar.

Fyrir hvert próf skal gefin sérstök einkunn. Til þess að standast prófið þarf stúdent að hafa hlotið, auk tilskilinnar meðaltalseinkunnar (sbr. 68. gr.), hið lægsta einkunnina 5 í þýðingum.

54. gr.

I. Kandidatspróf.

Að loknu B.A.-prófi í tveimur greinum, þremur stigum í hvorri, er stúdent heimilt að ganga undir kandidatspróf (cand. mag.-próf). Kandidatinn skal eigi síðar en þremur misserum áður en hann gengur undir prófið hafa valið sér, í samráði við kennara, hæfilega afmarkað svið í aðalgrein, kjörsvið, sem hann kynnir sér rækilega. Prófið hefst á ritgerð úr kjörsviði kandidatsins. Eigi má liða meira en ár, frá því að kjörsviðsritgerð er skilað, þar til hinn hluti prófsins hefst.

Kandidatspróf eru þessi:

A. Kandidatspróf í íslenzku.

Sá, er leyst hefur af hendi B.A.-próf í íslenzku og annarri grein, getur lesið til cand. mag.-prófs í íslenzku. Kandidatinn velur sér aðalgrein, málfræði og sögu íslenzkrar tungu eða íslenzkar bókmenntir, skýring þeirra og sögu, og kjörsvið innan hennar. Hin greinin er hliðargrein.

Heimilt er að áskilja nokkra þekkingu í öðrum norrænum málum og/eða bókmenntum, svo og í öðrum germönskum málum.

B. Kandidatspróf í sagnfræði.

Sá, er leyst hefur af hendi B.A.-próf í sagnfræði og annarri grein, getur lesið til cand. mag.-prófs í sagnfræði. Kandidatinn velur sér aðalgrein, sögu og menningarsögu Íslendinga eða almenna sögu, og kjörsvið innan hennar. Hin greinin er hliðargrein.

Nám í hliðargrein er fólgið í viðbótarnámi í þætti greinarinnar eða tímabili, er kandidat velur sér, samkv. reglum, er deildin setur.

Í aðalgrein er prófið bæði munnlegt og skriflegt, en í hliðargrein aðeins munnlegt. Einkunnir eru 5 alls: Meðaleinkunn úr B.A.-prófi, einkunn fyrir heimaritgerð og þrjár einkunnir fyrir prófúrlausnir, tvær í aðalgrein (fyrir skriflega og munnlega úrlausn) og ein í hliðargrein.

C. Kandidatspróf í íslenzkum fræðum.

Sá, er leyst hefur af hendi B.A.-próf í íslenzku og sagnfræði, getur lesið til cand. mag.-prófs í íslenzkum fræðum. Prófgreinir eru þrjár: málfræði og saga íslenzkrar tungu, íslenzkar bókmenntir, skýring þeirra og saga, og saga og menningarsaga Íslendinga. Kandidatinn velur sér kjörsvið í einni þessara greina.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt í hverri grein. Einkunnir eru 5 alls: Meðaleinkunn úr B.A.-prófi, einkunn fyrir heimaritgerð og ein einkunn fyrir prófúrlausnir (munnlega og skriflega sameiginlega) í hverri prófgrein.

D. Heimilt er að stofna til cand. mag.-prófa í öðrum greinum, eftir að prófessor hefur verið skipaður í greininni.

II. Meistarapróf.

Að loknu B.A.-prófi er stúdent heimilt að ganga undir meistarapróf (mag. art.-próf). Hann velur sér að meginviðfangsefni eina prófgrein, en innan þeirrar

prófgreinar nánar afmarkað svið, kjörsvið, er hann skal rannsaka vísindalega. Hann skal semja ritgerð um efni úr kjörsviði. Skal kjörsviðsverkefni innt af hendi á undan öðrum hlutum prófsins. Auk þess flytur stúdentinn fyrirlestur í heyrandi hljóði og fær 8 daga til að semja hann.

Meistarapróf er tvenns konar:

A. Meistarapróf í islenzkum fræðum.

Sá, er leyst hefur af hendi B.A.-próf í islenzku og sagnfræði, þrjú stig í hvorri grein, getur lesið til meistaraprófs í islenzkum fræðum. Prófgreinir eru þrjár: málfræði og saga islenzkrar tungu, islenzkar bókmenntir, skýring þeirra og saga, og saga og menningarsaga Íslendinga.

B. Meistarapróf í norrænum málum.

Sá, er leyst hefur af hendi B.A.-próf í norrænum málum, þar af þrjú stig í islenzku, getur lesið til meistaraprófs í norrænum málum. Prófgreinir eru tvær: málfræði og saga norrænna mála og norrænar bókmenntir, skýring og saga.

Prófin eru bæði skrifleg og munnleg. Einkunnir eru tvær: ágætlega hæfur (admissus cum egregia laude) og hæfur með lofi (admissus cum laude). Stúdent stenztt ekki prófið, nema aðalritgerð sé metin til 1. einkunnar og einnig aðrir hlutar prófsins samanlagðir. Próffessorar dæma einir um meistarapróf.

Nánari reglur um námsefni til cand. mag.- og mag. art.-prófa setja próffessorarnir í hlutaðeigandi greinum.

55. gr. a.

Próf í uppeldis- og kennslufræðum.

Prófgreinir eru þessar:

1. Sálarfræði barna og unglunga og uppeldisleg sálarfræði.
2. Almenn uppeldisfræði.
3. Hagnýt kennslufræði.
4. Kennsla.

Próf í tveimur fyrst töldu greinunum er bæði skriflegt og munnlegt, próf í hagnýtri kennslufræði munnlegt, en í kennslu verklegt. Einkunnir skulu vera 4 alls, ein fyrir hverja prófgrein.

Prófið er í tveimur hlutum: fyrri hluta (1. og 2. prófgrein) og síðara hluta (3. og 4. prófgrein).

Kennsluprófið er í tveimur greinum, aðalgrein og aukagrein, og reiknast próf aðalgreinar $\frac{2}{3}$, en aukagreinar $\frac{1}{3}$ einkunnar. Stúdent er ekki heimilt að taka þátt í kennsluæfingum né ljúka kennsluprófi, fyrr en hann hefur lokið einu prófstigi í kennslugreininni. Stúdent stenztt ekki prófið, nema hann hafi hlotið hið minnsta einkunnina 7 fyrir kennslu, auk tilskilinna meðaltalseinkunna, sbr. 68. gr.

Háskólinn lætur af hendi prófvottorð undirritað af próffessornum í uppeldisfræðum.

55. gr. b.

Til þess að öðlast kennsluréttindi að lögum skal B.A.-prófsmaður í heimspeki-deild (sjá 53. gr. I) ljúka til viðbótar prófi í uppeldis- og kennslufræðum samkv. 55. gr. a. Auk þess skal hann ljúka 3 stigum í einhverri þessara greina: Íslenzku, dönsku, ensku, þýzku, sagnfræði, landafræði. Aðra námsgrein velji hann úr kennslugreinum gagnfræða- eða menntaskóla, þeim sem kenndar eru til B.A.-prófs, minnst 2 stig. Ef hann velur 3 greinir, er val þriðju námsgreinar frjálst samkv. 51. gr. 4. lið (eitt stig). Á sama hátt þurfa kándídatar og meistarar samkv. 54. gr. að ljúka þessu prófi til að öðlast kennsluréttindi að lögum.

55. gr. c.

Stúdentum, er voru skrásettir samkv. núgildandi reglugerð, skal heimilt að halda námi áfram samkv. þeirri reglugerð (sbr. þó 55. gr. d). Þeim er og heimilt að halda námi áfram samkv. ákvæðum 51.—55. gr. b með eftirfarandi skilyrðum:

1. Próf samkv. núgildandi reglugerð verða hluti af B.A.-prófi með eftirfarandi undantekningum:
 - a) 1. stigs próf í grein verður það því aðeins, að stúdent ljúki a. m. k. einu prófstigi til viðbótar í greininni. Ella verður að endurtaka prófið.
 - b) Próf í mannkynssögu verða ekki hluti af B.A.-prófi, nema stúdentinn taki aukapróf í Íslandssögu samkv. nánari reglum, sem deildin setur. Heimaritgerð á 3. stigi skal gilda sem heimaritgerð á 3. stigi í sagnfræði.
 - c) Fyrri hluti prófs í íslenskum fræðum verður ekki hluti af B.A.-prófi. Þó skal heimaritgerð (í málfræði eða bókmenntum) gilda sem heimaritgerð á 3. stigi í íslensku, svo og skal próf í hljóðfræði halda gildi sínu í B.A.-prófi. Heimaritgerð í Íslandssögu skal gilda sem heimaritgerð á 3. stigi í sagnfræði.
2. Stúdent ljúki sex prófstigum í stað fimm.
3. Ef því er að skipta (sbr. 52. gr. II), ljúki stúdent forprófi í almennum málvísindum og hljóðfræði, áður en hann gengur í fyrsta sinn undir próf samkv. 53. gr. I. Þó getur deildin heimilað stúdent að ganga undir próf í lok fyrsta misseris frá gildistöku þessara ákvæða, án þess að hann hafi þá lokið þessu prófi.

Ef því er að skipta (sbr. 52. gr. III), ljúki stúdent forprófi í latínu á 2. ári frá gildistöku þessara ákvæða. Þó getur deildin veitt undanþágu frá þessum tímamörkum.

4. Fyrir hvert prófstig, er stúdent hefur lokið samkv. núgildandi reglugerð og verður hluti af B.A.-prófi (sbr. 1. tölulið), skal draga eitt misseri frá þeim hámarkstíma (9 misserum), er líða má samkv. 53. gr. I, 5. mgr., þar til hann hefur lokið 6 prófstigum.

55. gr. d.

Ákvæði 51.—55. gr. c taka gildi frá þeim tíma, er heimspekideild ákveður með fundarsamþykkt, er birta skal stúdentum með tryggilegum hætti, og falla ákvæði 51.—55. gr. núgildandi reglugerðar úr gildi frá sama tíma. Í framangreindri samþykkt skal kveðið á um, hvenær einstök próf eftir núgildandi reglugerð verði haldin í síðasta lagi.

2. gr.

57. gr. í E.-lið V. kafla núgildandi reglugerðar verði 57. gr. a, en á eftir henni komi ný grein svohljóðandi:

57. gr. b.

Kennslu- og prófgreinir til B.A.-prófa á vegum verkfræðideildar.

1. Inntökuskilyrði til B.A.-náms í raungreinum.

Inntökuskilyrði til B.A.-náms í raungreinum er stúdentspróf frá almennum menntaskóla eða hliðstætt próf frá öðrum skóla.

Stúdentspróf úr stærðfræðideild veitir rétt til náms í öllum raungreinum, en stúdentspróf úr máladeild í öðrum greinum en stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði, og setja má frekari skilyrði til náms í einstökum greinum, ef þurfa þykir.

Stefnt skal að því, að þeim stúdentum, sem með stúdentsprófi sínu hafa ekki rétt til náms í raungreinum, sé gefinn kostur á að sækja námskeið og ljúka forprófi, er veiti þeim þann rétt.

2. Kennslu- og prófgreinir og samval greina.

Kennslu- og prófgreinir eru þessar:

Stærðfræði, eðlisfræði, líffræði (grasa-, dýra- og heilsufræði), landa- og jarðfræði og efnafræði. Eitt, tvö eða þrjú stig má taka í stærðfræði, eðlisfræði og líffræði, eitt eða tvö stig í landa- og jarðfræði og eitt stig í efnafræði. Verkfræðideild getur með samþykkt ákveðið, að unnt sé að taka þrjú stig í landa- og jarðfræði, svo og að heimilt sé að taka þrjú stig í grasafræði og þrjú stig í dýrafræði og tvö stig í efnafræði. Heimilt er að velja sem aukagrein til eins eða tveggja prófstiga einhverja af þeim huggreinum, sem kenndar eru við gagnfræðaskóla. Setja má nánara ákvæði um samval greina.

Nú er ekki kostur hæfra kennara eða fullnægjandi kennsluaðstöðu í grein, að mati deildarinnar, og er þá heimilt að fella niður kennslu og próf í greininni. Heimilt er og að fella niður kennslu í grein, ef þátttaka stúdenta fer niður fyrir visst lágmark, er háskólinn og menntamálaráðuneytið ákveða. Kveðið skal nánar á um þessi efni með samþykkt, er háskólaráð gerir, að fenginni tillögu deildarinnar, og ráðuneytið staðfestir.

Námsskrá til B.A.-prófs skal miða við, að hvert prófstig svari að jafnaði til 6—8 kennslustunda vikulega eitt háskólaár og að náminu sé að fullu lokið á þremur árum, þar með talið uppeldis- og kennslufræði og kennsluæfingar. Verkfræðideild setur reglur um námsefni, að fengnum tillögum kennara í hverri grein. Heimilt er að áskilja nokkra þekkingu í nauðsynlegum hjálpargreinum, og kveða skal á í námsskrá um þátttöku í verklegum æfingum. Heimilt er og að áskilja, að hluti námsefnis skuli vera samning heimaritgerðar á 3. stigi.

3. Prófstig og prófhættir.

B.A.-próf í raungreinum er fólgið í sex prófstigum í þremur greinum, aðalgrein og tveimur aukagreinum, auk prófs í uppeldis- og kennslufræðum ásamt kennsluæfingum, sbr. 55. gr. a. Í aðalgrein skulu tekin 3 prófstig, 2 stig í annarri aukagreinanna og 1 stig í hinni. Að þessu prófi loknu öðlast kandidat titilinn B.A. og kennsluréttindi við gagnfræðaskóla og sérskóla, sbr. 55. gr. b.

Próf eru skrifleg og munnleg í hverri grein, en þó getur verkfræðideild ákveðið, að aðeins skuli prófa munnlega í grein eða einungis skriflega. Einkunnir eru samtals 6, ein einkunn á hverju stigi.

4. Tímamörk í námi.

Eigi má liða lengri tími en 9 kennslumisseri frá skrásetningu stúdents í verkfræðideild, þar til hann hefur lokið B.A.-prófi. Ef út af bregður, skal má nafn hans af stúdentali. Nú endurinnritast hann, og er gildi fyrra prófsins þá úti. Forpróf halda þó gildi sínu enn í 4 misseri. Verkfræðideild getur með fundarsamþykkt veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar um tímamörk.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi tekur þegar gildi, að svo miklu leyti sem ákvæði hennar kveða ekki öðruvísi á um.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Í menntamálaráðuneytinu, 2. september 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Knútur Hallsson.